



Dagsetning
21.2. 2006

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál, hámark á krókaafhlutdeild o. fl.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið varðar nokkur mismunandi ákvæði laga um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi er verið að loka sóknardagakerfinu formlega, en fram kemur að einungis tveir bátar eru eftir í því kerfi. Hér virðist því um að ræða frágang á máli sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um. Í öðru lagi er verið að setja reglur um hámark krókaafhlutdeilda í þorski og ýsu, sem heimilt er að séu í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Byggðastofnun telur nauðsynlegt að setja slíkar reglur til að tryggja að aflahlutdeild dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með líklega fleiri byggðarlög og hafi þannig áhrif víðs vegar um land. Þriðja breytingin varðar rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa. Byggðastofnun sér ekki að breytingin hafi áhrif á þá þætti sem að stofnuninni snúa. Fjórtða breytingin er ákvæði til bráðabirgða vegna vanda í veiðum á úthafsækju. Stofnunin telur nauðsynlegt að komið verði til móts við vanda útgerða sem stunda þessar veiðar. Sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir virðist munu létta útgjöldum af þessum útgerðarflokki og auðvelda fyrirtækjum áframhaldandi rekstur þegar úthafsækjustofnar hafa eflst og hagstæðari markaðsaðstæður skapast.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi á próunarsviði Byggðastofnunar